

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Sorpurðun Vesturlands Fíflholt



<b>Dags eftirlits</b>	13.4.2023	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Margrét Viðarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Sorpurðun Vesturlands	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Heimili</b>	Bjarnarbraut 8	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5306972829	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hrefna B. Jónsdóttir	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Guðni Eðvarðsson	<b>Staðsetning</b>	349951,516 469714,37

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Rekstraraðili vinnur nú eftir nýju starfsleyfi sem gefið var út í lok síðasta árs. Helstu breytingar sem gerðar hafa verið frá fyrra starfsleyfi er aukin árleg heimild á magni úrgangs sem leyfilegt er að taka á móti, frá 15.000 upp í 25.000 tonn. Engin frávik kom fram í eftirliti.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á samráðsfundi í Borgarnesi.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Mengaður jarðvegur – kynning
- Ný gjaldskrá – kynning
- Breyting á fyrirkomulagi eftirlita UST
- Önnur málefni (ef við á).

Farið var yfir stöðu sigvatnsmála og hreinsikerfis. Athugasemdir voru settar fram í síðustu skýrslu um að niðurstöður mælinga á sigvatni síðan 2021 sýndu hærra styrk á ammóníum ( $\text{NH}_4^+$ ), súrefnisþörf (COD), sulfíðum ( $\text{SO}_4$ ) og lífrænum halógensamböndum (AOX).

Niðurstöður nýustu mælinga frá rein 4 sýna að yfir heildina er hreinsun í kerfinu að skila árangri þó að einstaka mælipættir sýni fram á annað. T.d. mælingar 2022 á fosfór, AOX (lífræn halógen sambönd), Hg, Mo og Se. Aftur á móti sýna eldri mælingar svo breytileika hjá öðrum mælipáttum við mælingar 2021, t.d. AOX og sulfat en ekki í þessum sem sýndu breytileika 2022 svo enginn einn mælipáttur sýnir óskilvirkni eftir hreinsun nema AOX. Mismunur á mæligildum AOX árið 2022 er minni háttar.

Nýtt starfsleyfi felur í sér breytingar á eftirlitsmælingum frá fyrri árum og eru helstu breytingar þær að búið er að taka út mælingar á mengunarefnum í seti. Búið er að setja inn mælingar á samsetningu yfirborðsvatns með mælingum á forgangsefnum sem er liður að vöktun ástands á yfirborðsvatni og grunnvatni samkvæmt reglugerð nr 796/1999, sbr reglugerð nr 981/2015. Er þetta liður til samræmis við reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Einnig er uppfærð samræming við reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Þess ber að geta að samráðsfundir hafa verið teknir út úr nýju starfsleyfi. Engar nýjar breytingar hafa verið gerðar á rekstri almennt frá síðasta eftirliti. Nýju náttúrulegu hreinsikerfi í mýrinni sunnan urðarreinar 4 hefur verið komið upp, þar sem viðtaki sigvatns úr hreinsivirki er staðsettur og búið var að gróðursetja í það trjám. Við eftirlit var grunnvatnsstaða mjög há. Vindasamt er á svæðinu almennt og hefur rekstraraðili gert auknar ráðstafanir til að draga úr foki á svæðinu. Við eftirlit var að störfum starfsmaður sem vann að plökki á rusli sem fokið hafði til umhverfis athafnasvæði urðunarstaðarins.

Á staðnum er gassöfnunarkerfi fyrir hauggas. Söfnunarkerfið samanstendur af 10 borholum, safnleiðslu og kyndilhúsi með sogkerfi og brennara, þar sem metangasi er brennt og breytt í koltvíoxíð.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunnar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn. Urðunarstaðurinn á Fíflholti hefur verið settur í eftirfarandi gagnagrunn samfara þessu eftirliti og fellur þar undir „flokk 2“ samkvæmt frummati sem gert hefur verið. Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunnar hefur verið kynnt ásamt breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Rekstraraðili bar fram tillögu að tilraunaverkefni til að koma dýrahræjum í réttan farveg til urðunar í samstarfi við Kölku sorpbrennslu með forfæringu dýrahræanna í Fíflholtum. Niðurstaða verkefnisins á að gefa innsýn yfir mögulegan kostnað sveitarfélaga á förgun hræanna og umfangi efnis sem fellur til. Settur yrði upp frystigámur á lóð Fíflholta þar sem mælivigt er til staðar fyrir flutningstækin, ásamt því að svæðið er nú þegar vel vaktað og afgirt. Gámurinn yrði tæmdur jafnóðum og því um meðhöndlun fyrir flutning að ræða. Umhverfisstofnun hefur ekki sett sig gegn þessari tilraun með því skilyrði að um tímabundna tilraun sé að ræða, svo ekki þurfi að koma til breytingar á starfsleyfi, og endurskoðast að ári við næsta eftirlit.

---



## ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun bendir á að inn í vélageymslu rekstraraðila eru olíutunnur við aksturleiðir. Tunnurnar eru án lekavarna og er rekstraraðila bent á að bæta úr þessu.

## ANNAÐ

Einnig var viðstaddur eftirlitið fyrir hönd Sorpurðunar Vesturlands Stefán Gíslason.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*

Halla Margrét Viðarsdóttir

